

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Patrekshreppi.**

Fasteignaskatt í Patrekshreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 52.

10. febrúar 1968.

REGLUR**um úthlutun lána og styrkja til íslenzkra námsmanna skv. lögum nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki.****1. gr.**

Námsaðstoð má veita íslenzkum námsmönnum til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir samkvæmt mati stjórnar lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

2. gr.

Námsaðstoð er því aðeins veitt, að nám sé hafið, þegar úthlutun fer fram.

3. gr.

Námsaðstoð er að jafnaði ekki veitt, nema eðlilegur námstími sé minnst tvö ár.

4. gr.

Enginn námsmaður getur fengið námsaðstoð oftar en svarar til eðlilegs árafjölda í viðkomandi námsgrein og einstökum hlutum hennar. Ekki skal veita námsaðstoð, nema um eðlilega framvindu námsins sé að ræða. Námsmaður, sem fer hraðar yfir, getur notið þess í námsaðstoð.

5. gr.

Við ákvörðun lánsfjárhæða til umsækjenda skal hverju sinni höfð hliðsjón af námskostnaði á viðkomandi dvalarstað.

6. gr.

Umsækjendum ber að útfylla sérstök umsóknareyðublöð frá lánasjóðum, og önnur þau gögn, sem stjórn lánasjóðsins lætur fylgja þeim. Gögnum þessum ber að skila fyrir tilskilinn tíma, sem auglýstur skal í Lögbirtingablaði, dagblöðum og Ríkisútvarpi.

7. gr.

Sá, sem sækir um námsaðstoð í fyrsta sinn, þarf að láta fylgja með umsókn staðfest afrit af skirteinum um próf, sem umsækjandi hefur lokið hér á landi eða erlendis, eða önnur gögn, er sýni, að hann hafi fullnægjandi undirbúningsmenntun til að rækja námið með árangri. Einnig ber, svo fljótt sem við verður komið, að senda vottorð frá viðkomandi menntastofnun um að námið sé hafið. Þá ber umsækjanda við nám erlendis að senda skilríki um, hver venjulegur námstími sé í námsgrein hans og einstökum hlutum hennar.

8. gr.

Umsækjandi um framhaldsaðstoð þarf að láta vottorð um skólavist og námsárangur fylgja umsókn.

9. gr.

Lánsfjárhæð til hvers námsmanns skal vera ákveðinn hundraðshluti af umframfjárbörf hans. Hundraðshlutinn skal vera lægstur á fyrsta námsári og fara síðan stighækkandi. Hlutföllin skulu ákveðin árlega með hliðsjón af fjölda umsókna og því fjármagni, sem sjóðurinn hefur til umráða. Umframfjárbörf er námskostnaður — samkvæmt könnun stjórnar lánasjóðsins — að frádreginni tekjuöflun til námsnota og styrkjum frá opinberum aðilum.

10. gr.

Sæki hjón bæði um lán, skal heildarfjáröflun skiptast milli þeirra að jöfnu og þeim síðan úthlutað sem einstaklingum. Sé umsækjandi kvæntur/giftur og sæki maki hans ekki um lán, skal við ákvörðun lánsfjárhæðar höfð hliðsjón af umframfjárbörf fjölskyldunnar.

11. gr.

Með umsóknum skal fylgja yfirlýsing umsækjanda um, að stjórn sjóðsins sé heimilt að sannreyna hjá skattayfirvöldum tekjur umsækjanda og maka hans. Námsmönnum erlendis ber einnig að senda vottorð skattayfirvalda þar um tekjur hans og maka hans síðastliðið ár. Umsækjanda, sem gefur rangar upplýsingar um tekjur eða annað, sem máli skiptir, má svipta rétti til námsaðstoðar.

12. gr.

Námsmönnum þeim á fyrsta námsári við Háskóla Íslands, sem sækja um lán, skal úthlutað samkvæmt almennum úthlutunarreglum. Þó skal greiðsla lánsins ekki innt af hendi, nema þeir að loknu fyrsta námsári skili vottorði til sjóðstjórnar um, að þeir hafi staðizt þau próf, sem eðlilegt er talið, að tekin séu á fyrsta námsári.

13. gr.

Aðstoð til náms erlendis skal fyrst og fremst veita til náms í þeim greinum, sem ekki er hægt að leggja stund á hér á landi.

14. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til styrkja skv. 8. gr. laganna, skal varið til námsmanna erlendis. Styrkfjárhæðir miðast aðallega við ferðakostnað, en heimilt er og að taka tillit til hárra skólagjalda.

15. gr.

Aðalúthlutun námslána og styrkja samkvæmt reglum þessum skal fara fram einu sinni á ári og vera lokið eigi síðar en 1. marz.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. febrúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, Jóns Þorsteinssonar og Ísaks Jónssonar, skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 13. febrúar 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, Jóns Þorsteinssonar og Ísaks Jónssonar, skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn var stofnaður af hjónunum Sigrúnu Sigurjónsdóttur og Ísak Jónsnyri, skólastjóra í Reykjavík, til minningar um foreldra hans.

2. gr.

Upprunalegt stofnfé sjóðsins 1943 var kr. 5000.00, en hefur síðan aukizt með gjöfum og vöxtum og voru í sjóðnum við lok reikningsárs 1965 kr. 90 817.44, og er gert ráð fyrir, að hann aukist áfram á sama hátt.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja Skóla Ísaks Jónssonar fyrst og fremst með því að kaupa kennsluáhöld, eða verja vöxtum minningarsjóðsins til að efla starfsemi skólans á einhvern annan hátt. Einnig má veita börnum efnalítilla foreldra styrk til dvalar í skólanum, eftir því sem stjórn sjóðsins telur mögulegt samkvæmt upphaflegu markmiði minningarsjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í Veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands, eða öðrum ríkistryggðum verðbréfum, en umframfé skal ávaxtast í sparisjóði Landsbankans. Verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn hans.

5. gr.

Fjórum fimmtu hlutum ($\frac{3}{5}$) af vöxtum sjóðsins skal árlega varið samkvæmt fyrirmælum 3. greinar, en einn fimmti hluti ($\frac{1}{5}$) vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 50 000.00, fimmtíu þúsund krónur, en þegar svo er orðið, skal úthluta öllum vöxtum árlega, samkvæmt 3. grein.